

Nd.

156. Frumvarp til laga

[142. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Ellert B. Schram, Guðmundur Einarsson,
Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

12. gr. laganna hljóði svo:

Sveitarstjórnnum er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga og að binda það skilyrðum, m.a. um að veitingahúsin hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði, að leyfið nái einungis til veitinga léttra vína og um afgreiðslutíma.

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Vínveitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir sveitarsjóð ef sérstakar ástæður mæla með því að mati sveitarstjórnar.

Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt.

Sveitarstjórn ákveður hvernig hagað skuli eftirliti með þeim veitingahúsum sem vínveitingaleyfi hafa og er heimilt að endurkrefja veitingahús um kostnað við eftirlitið.

Nánari almenn fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um álagningu og lögregluftirlit með veitingahúsum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir vínveitingaleyfi sem rennur í sveitarsjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þeirri breytingu á áfengislögum, sem hér er gerð tillaga um, er ákvörðunarvald um vínveitingaleyfi lagt í hendur sveitarstjórna í stað dómsmálaráðherra.

Lagt er til að sveitarstjórnir veiti slík leyfi og geti bundið þau skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði gjald fyrir vínveitingaleyfi sem renni í sveitarsjóð á sama hátt og ýmis önnur leyfisgjöld sveitarfélaga, t.d. kvöldsöluleyfi.

Hér er um að ræða ákvarðanir sem eðlilegra er að taka í einstökum sveitarstjórnnum í samræmi við hugmyndir um valddreifingu sem nú eru ríkjandi hér á landi. Sveitarstjórnirnar standa nær hinum almenna borgara en ráðherra sem oft á tíðum er ókunnugur staðháttum. Þó að lagt sé til að ákvörðunarvaldið sé falið sveitarstjórnnum geta þær að sjálfsögðu leitað álits kjósenda í almennri atkvæðagreiðslu.

Lagt er til að svokölluð matsnefnd veitingahúsa hætti störfum enda óþörf eftir að matið er lagt í hendur sveitarstjórnanna.